



1. Almenn atriði

Starfsheiti: Fulltrúi sveitarstjóra á Bakkafirði og nágrenni.

Deild / svið: Skrifstofa

Nafn starfsmanns:

Númer starfs:

Næsti stjórnandi: Sveitarstjóri

Starfshlutfall: 100%

Dagsetning: 2025

2. Samantekt starflýsingar

Starfsmaður er tengiliður stjórnsýslu á Þórshöfn og íbúa þéttbýlis og dreifbýlis sunnan Langaness. Hann kemur á framfæri við stjórnsýsluna óskum og þörfum vegna þjónustu við íbúa og fyrirtæki og framkvæmda á svæðinu. Hann gerir framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár ásamt þriggja ára áætlun í samvinnu við skrifstofu. Í samvinnu við Þjónustumiðstöð á Þórshöfn ræður hann verktaka til að sjá um einstöku verk sem eru innan fjárhagsramma og á framkvæmdaáætlunar hvers árs.

Hann starfar náið með umhverfisfulltrúa Langanesbyggðar er varðar umhverfismál, urðunarstað og hreinsun á Bakkafirði og nágrenni. Í samstarfi við umhverfisfulltrúa og verkefnastjóra innviða felst, að fylgja eftir hugmyndum um friðun á Langanesi í samræmi við þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram af umhverfisráðuneyti, unnið af umhverfisstofnun og samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð verður af sveitarstjórn Langanesbyggðar.

Fulltrúi hefur samráð við verkefnastjóra „Kistunnar“ er varðar kynningarmál, umsóknir um styrki til verkefna á Bakkafirði og nágrenni, samræmd verkefni sem snerta starfssvið fulltrúans og þeirra verkefna sem unnin eru í „Kistunni“.

Fulltrúi hefur það hlutverk að koma skjalasafni, bókum, gögnum og öðrum eignum sem hafa sögulegt og/eða menningarleg varðveislugildi og tilheyrðu Skeggjastaðahreppi til varðveislu á viðeigandi stöðum. Einnig í samvinnu við „Kistuna“ þau menningarverðmæti, sögulegt efni og gögn sem hafa varðveislugildi fyrir sögu annarra sveitarfélaganna sem nú mynda sveitarfélagið Langanesbyggð.

Fulltrúi er tengiliður Langanesbyggðar og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Safnahússins á Húsavík.

3. Meginverkefni

Fagleg verkefni

- Tengiliður íbúa og fyrirtækja vegna verkefna á Bakkafirði og nágrenni.
- Starfar með umhverfisfulltrúa að umhverfismálum á Bakkafirði og nágrenni.
- Vinnur að friðun Langaness samkvæmt þeirri stefnu sem mótuð verður af sveitarstjórn.
- Sér um kynningarmál og öflun styrkja til verkefna tengd starfssvæði sínu.
- Menningar- og sögulega tengd verkefni vegna varðveislu gagna, skjala og eigna.
- Tengiliður sveitarfélagsins og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Safnahússins á Húsavík.
- Situr umbeðna fundi og sinnir öðrum tilfallandi verkefnum sem tengjast starfinu.

Eigin starfsþróun

- Viðheldur og eflir eigin hæfni. Fylgist vel með þróun mála sem snerta starfssviðið í öðrum sveitarfélögum eða hjá þeim starfsmönnum sem sinna svipuðum verkefnum hjá öðrum sveitarfélögum, samanber hverfisráðum sem starfa í sveitarfélögum með marga þéttbýliskjarna.

4. Menntun og reynsla

Menntun

- Góðrar almennrar menntunar er krafist en ekki sérmenntunar á þeim sviðum sem koma fram í starfslýsingu. Góð þekking á samfélaginu og umhverfi þess og mjög góð tengsl við samfélagið í Langanesbyggð, sérstaklega á Bakkafirði.

Reynsla

- Hreint sakavottorð.

Hæfni

- Jákvætt viðmót, þolinmæði, útsjónarsemi og góð yfirsýn yfir verk sem verið er að vinna að.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.

5. Trúnaðarskylda

Starfsmaður ber ábyrgð á að trúnaðar sé gætt um málefni sem hann fær vitneskju um í starfi og skulu fara leynt samkvæmt lögum, fyrimælum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Undirskrift starfsmanns

Undirskrift starfsmanns

Dagsetning

Dagsetning